

# Fundargerð

*Bogfimisamband Íslands BFSÍ*

Dagsetning: **24.02.2022**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson, Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Haraldur Gústafsson og Oliver Ormar Ingvarsson. Valgerður Einarsdóttir Hjaltested var boðið til fundarins með málfrelsi og tillögurétt sem nýjasta starfsmann BFSÍ.**

Fundargerð ritaði: **Guðmundur Örn Guðjónsson**

Fundur settur kl. **21:08**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

## **1. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum.**

1.1. Þjálfaranámskeið – Í vinnslu

1.2. Ráðning starfsmanna í afreksstarf (hæfileikamótun) – Í vinnslu

1.3. Ráðning starfsmanns BFSÍ í 80% stöðu – Lokið

## **2. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði án breytinga:**

Í samræmi við fyrri óskir stjórnarmanna er þessari tillögu bætt við fundarboðið. Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði í ítarlegu fundarboði að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði á einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn "Önnur mál". Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig lið fyrir lið.

2.1. **Formaður fer í stuttu máli yfir tillögur í fundarboði.**

2.2. **Guðmundur stígur frá fundi við umræður og afgreiðslu tillögunnar.**

2.3. **Opnað fyrir umræður um tillögu: Stutt almenn umræða um tillögurnar.**

2.4. **Tillaga samþykkt einróma (Albert bætir við með lófaklappi)**

2.5. **Guðmundur kallaður aftur til fundar.**

## **3. Tillaga um samþykkt allra fundargerða fyrir árið 2021:**

Fundargerðir er hægt að finna á bogfimi.is. Tilgangurinn með þessum lið er að bókfæra samþykkt fyrri fundargerða BFSÍ. Fundargerðir hafa þegar verið samþykktar í tölvupóstum og því aðeins um formsatriði að ræða. Áætlað er að bæta við samþykkt fundargerðar síðasta stjórnarfundar á næsta stjórnarfundu til að færa skýrt til bókar að fundargerð síðasta stjórnarfundar sé samþykkt á gangsæjan hátt.

3.1. **Samþykkt einróma í samræmi við lið 3**

## **4. Tillaga um hækkun starfshlutfalls íþróttastjóra:**

Í samræmi við aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ að hækka starfshlutfall íþróttastjóra í 70% starfshlutfall. Markmiðið er að hækka starfshlutfall íþróttastjóra í 100% starf fyrir árið 2025. Þessi hækkun er þrep í átt að því markmiði. Fjárhagur BFSÍ hefur batnað töluvert, BFSÍ var fært í flokkun

hjá Afrekssjóði ÍSÍ úr C/Próunarsambandi í B/Alþjóðlegt samband sem nánast fjórfaldar styrki sem BFSÍ getur sótt um í Afrekssjóð ÍSÍ árlega, og möguleiki opnast fyrir því að sækja um styrki tengt starfsfólki sem starfar í Afreksstarfi BFSÍ. En því fylgja einnig meiri kröfur á BFSÍ s.s. vegna starfsmanna. Einnig er BFSÍ nú að fá fullan útbreiðslustyrk og lottótekjur, ný sérsambönd sem eru stofnuð byrja almennt á því að fá hluta af þeim tekjum frá ÍSÍ þegar þau eru stofnuð og eru hækkuð upp í að fá útbreiðslustyrk og lottótekjur í samræmi við önnur sérsambönd yfir nokkurra ára tímabil.

#### 4.1. **Samþykkt einróma í samræmi við lið 3**

### 5. **Tillaga um samþykkt Ársskýrslu BFSÍ 2021:**

5.1. Ársskýrsla BFSÍ 2021 lögð fyrir stjórnarfund til samþykktar. Ársskýrslan fylgir fundarboði. Reynt var eftir bestu getu að halda skýrslunni eins stuttri og mögulegt var.

#### 5.2. **Samþykkt einróma í samræmi við lið 3**

### 6. **Önnur mál:**

6.1. Formaður fer yfir undirbúning formannafundar BFSÍ 2022. Fyrra fundarboð hefur þegar verið sent út. Formannafundurinn verður haldin sem fjarfundur 13 mars 2022 kl: 13:00. Seinna fundarboð ásamt fylgiskjölum s.s. ársreikningi og ársskýrslu verður sent út þegar skjölin eru tilbúin. Einnig verður farið yfir á fundinum Afreksstefnu BFSÍ, Aðgerðaáætlun Afreksstarfs BFSÍ og heildarstefnu BFSÍ í samræmi við upplýsingar í þeim.

6.2. Gjaldkeri kynnir Ársreikning BFSÍ 2021 fyrir stjórn BFSÍ. Í samræmi við lög BFSÍ verður Ársreikningur BFSÍ 2021 lagður fyrir til samþykktar á bogfimiþingi 2023 ásamt ársreikningi 2022. Því er ársreikningur 2021 aðeins kynntur fyrir stjórn BFSÍ og kynntur á formannafundi.

6.3. Íþróttastjóri kynnir stöðu afreksmála og landsliðsverkefna 2022.

6.4. Nýjasti starfsmaður BFSÍ Valgerður fjallar um sína reynslu og upplifun í starfi ásamt því að kynna stöðu á þjálfaranámskeiði stig 1 í ágúst, Olympic Solidarity umsókn og World Archery Europe Technical Delegate námskeið.

#### 6.5. **Formaður leggur fyrir tillögu um samþykkt á kandidat fyrir World Archery Youth Judge Seminar (WAYJ):**

6.5.1. Sara Sigurðardóttir hefur lýst yfir áhuga á því að sitja WAYJ námskeið á vegum World Archery (WA) í Halifax Kanada. Ein af kröfum þess að sitja slíkt námskeið er að hún hafi stuðning síns landssambands og því tilvalið að leggja það fyrir þennan stjórnarfund til samþykktar. Sara mætir öðrum kröfum WA til þess að sitja námskeiðið. Sem stendur eru 12 alþjóðlegir dómara á Norðurlöndum, tveir af þeim eru á síðasta ári sínu þar sem 65 ára aldurstakmark er á alþjóðlegum dómurum og þeir verða því 10 árið 2023. Ef Sara nær WAYJ dómara réttindum væru þá 2 af 11 alþjóðlegu dómurum á Norðurlöndum Íslenskir. Sem stendur eru aðeins 12 einstaklingar í heiminum með WAYJ réttindi.

#### 6.5.2. **Tillaga samþykkt einróma**

6.6. Almenn umræða um næstu verkefni stjórnar.

Fundi slitið kl. **21:58**